



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Umræðuskjal

nr. 5/2015

Drög að reglum um hámarksútgreiðslufjárhæð og takmarkanir á útgreiðslum fjármálafyrirtækja vegna eiginfjárauka

Umræðuskjalið er sent umsagnaraðilum og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri umsögn eigi síðar en 4. nóvember nk. Skjalið er einnig birt á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is.

Umsagnaraðilar eru vinsamlegast beðnir um að skila umsögnum rafrænt á sérstöku umsagnareyðublaði sem útbúið hefur verið vegna regludraga þessara.

Umsagnareyðublaðið má nálgast á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins með því að velja „Lög og tilmæli“-flipann á forsíðu og velja svo flokkinn „Umræðuskjöl“. Umsagnareyðublaðið skal sent á netfangið fme@fme.is.

15. október 2015

REGLUR

um hámarksútgreiðslufjárhæð og takmarkanir á útgreiðslum fjármálafyrirtækja vegna eiginfjárauka.

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar taka til fjármálafyrirtækja sem viðhalda skulu eiginfjárukum á grundvelli 84. gr. a – 84. gr. e laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

Reglur þessar gilda einungis um útgreiðslur sem hafa í för með sér lækkun á eiginfjárbætti A eða minni hagnað. Reglurnar gilda ekki um tilvik þar sem frestun greiðslu gæti leitt til endurskipulagningar fjárhags eða slita skv. XII. kafla laga um fjármálafyrirtæki.¹

2. gr.

Skilgreiningar.

Í reglum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

Samanlögð krafa um eiginfjárauka: Samanlagt gildi eiginfjárauka sem fjármálafyrirtæki skal halda á grundvelli 84. gr. b – 84. gr. e laga um fjármálafyrirtæki.

Eiginfjárbáttur A: Eiginfjárliðir sem taldir eru upp í 1. másl. 5. mgr. 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki: innborgað hlutafé, innborgað stofnfé, varasjóðir, yfirverðsreikningur hlutafjár, yfirverðsreikningur stofnfjár, endurmatsreikningur samkvæmt verðbólgu-reikningsskilum og óráðstafað eigið fé.

¹ Sbr. 7. mgr. 141. gr. tilskipunar 2013/36/ESB. Tilskipunin er aðgengileg hér <http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1444903906557&uri=CELEX:32013L0036>.

3. gr.

Takmarkanir á útgreiðslum fjármálafyrirtækja.

Fjármálafyrirtæki sem uppfyllir samanlagða kröfu um eiginfjárouka er óheimilt að framkvæma útgreiðslur sem hafa þau áhrif að samanlagða krafan um eiginfjárouka er ekki lengur uppfyllt.

Fjármálafyrirtæki sem uppfyllir ekki samanlagða kröfu um eiginfjárouka er óheimilt að grípa til eftirfarandi aðgerða áður en hámarksútgreiðslufjárhæð, skv. 4. gr. þessara reglna, hefur verið reiknuð út:

1. Framkvæma útgreiðslur vegna gerninga sem teljast til eiginfjárpáttar A. Til þeirra útgreiðslna teljast:
 - a. arðgreiðsla með reiðufé,
 - b. útgreiðsla sem að hluta eða öllu leyti er greidd með innborguðu hlutafé, sbr. 1. másl. 5. mgr. 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki,
 - c. niðurfærsla á eða kaup á eigin hlutabréfum,
 - d. endurgreiðsla á innborguðu hlutafé, eða
 - e. útgreiðsla í tengslum við eiginfjárliði eiginfjárpáttar A, aðra en hlutabréf.²
2. Stofna til skuldbindingar um að ákvarða starfsmönnum kaupauka eða greiða starfsmönnum kaupauka ef stofnað var til skuldbindingarinnar á þeim tíma þegar fjármálafyrirtækið uppfyllti ekki samanlagða kröfu um eiginfjárouka.
3. Framkvæma útgreiðslur vegna blendingsbréfa á grundvelli 1. gr. reglna um viðbótareiginfjárliði fjármálafyrirtækja.

Ef fjármálafyrirtæki uppfyllir ekki samanlagða kröfu um eiginfjárouka er því óheimilt að greiða út meira en sem nemur hámarksútgreiðslufjárhæð, skv. 4. gr. þessara reglna, vegna aðgerða skv. 2. mgr. þessarar greinar.³

4. gr.

Hámarksútgreiðslufjárhæð.

Fjármálafyrirtæki sem uppfyllir ekki samanlagða kröfu um eiginfjárouka skal reikna út hámarksútgreiðslufjárhæð og tilkynna Fjármálaeftirlitinu um fjárhæðina, sbr. 7. gr. þessara reglna.

Fjármálafyrirtæki skal reikna út hámarksútgreiðslufjárhæð með því að margfalda samtölu skv. 5. gr. með stuðlinum sem reiknaður er skv. 6. gr. í þessum reglum. Frá hámarksútgreiðslufjárhæð skal draga útgreiðslur sem teljast til aðgerða skv. 2. mgr. 3. gr. þessara reglna.⁴

² Sbr. 10. mgr. 141. gr. tilskipunar 2013/36/ESB.

³ Sbr. 1. – 3. mgr. 141. gr. tilskipunar 2013/36/ESB.

⁴ Sbr. 4. mgr. 141. gr. tilskipunar 2013/36/ESB.

5. gr.

Samtala vegna hámarksútgreiðslufjárhæðar.

Samtala vegna hámarksútgreiðslufjárhæðar ákvarðast af eftirfarandi þáttum:

- a. hagnaði samkvæmt árshlutauppgjöri sem ekki er talinn til eiginfjárpáttar A á grundvelli 4. mgr. 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, og hefur myndast síðan síðast var tekin ákvörðun um útgreiðslu hagnaðar eða aðgerðir skv. 2. mgr. 3. gr. þessara reglna, ásamt
- b. hagnaði ársins sem ekki er talinn til eiginfjárpáttar A og hefur myndast síðan síðast var tekin ákvörðun um útgreiðslu hagnaðar eða aðgerðir skv. 2. mgr. 3. gr. þessara reglna.

Frá samtölu samkvæmt hagnaðarliðum 1. mgr. skal draga frá þá fjárhæð sem yrði greidd í skatt ef þeim útgreiðslum sem felast í aðgerðum skv. 2. mgr. 3. gr. yrði haldið eftir sem óráðstöfuðu eigin fé.⁵

6. gr.

Stuðull vegna hámarksútgreiðslufjárhæðar.

Stuðul skv. 2. mgr. 4. gr. þessara reglna skal reikna út með því að bera saman i) eigið fé eiginfjárpáttar A sem fjármálafyrirtækið viðheldur og er ekki notað til að mæta eiginfjárkröfu skv. 1. másl. 1. mgr. 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki og til viðbótar við eiginfjárkröfu skv. a-lið 1. mgr. 84. gr. sömu laga og ii) samanlagða kröfu um eiginfjárauka á hverjum ársfjórðungi.

Gildi stuðulsins ræðst af hlutfalli eigin fjár eiginfjárpáttar A skv. 1. mgr., af samanlagðri kröfu um eiginfjárauka sem hér segir:

- a. Ef eigið fé eiginfjárpáttar A skv. 1. mgr. er í fyrsta fjórðungi (0 – 25%) af samanlagðri kröfu um eiginfjárauka, þá fær stuðullinn gildið 0.
- b. Ef eigið fé eiginfjárpáttar A skv. 1. mgr. er í öðrum fjórðungi (25 – 50%) af samanlagðri kröfu um eiginfjárauka, þá fær stuðullinn gildið 0,2.
- c. Ef eigið fé eiginfjárpáttar A skv. 1. mgr. er í þriðja fjórðungi (50 – 75%) af samanlagðri kröfu um eiginfjárauka, þá fær stuðullinn gildið 0,4.
- d. Ef eigið fé eiginfjárpáttar A skv. 1. mgr. er í fjórða fjórðungi (75 – 100%) af samanlagðri kröfu um eiginfjárauka, þá fær stuðullinn gildið 0,6.

Reikna skal út neðri og efri mörk hvers fjórðungs samkvæmt eftirfarandi forskrift:

$$a. \text{ neðri mörk fjórðungs} = \frac{\text{Samanlögð krafa um eiginfjárauka}}{4} * (Q_n - 1) \text{ og}$$

⁵ Sbr. 5. mgr. 141. gr. tilskipunar 2013/36/ESB.

$$b. \text{ efri mörk fjórðungs} = \frac{\text{Samanlögð krafa um eiginfjáruka}}{4} * Q_n,$$

þar sem „ Q_n “ stendur fyrir raðnúmer á hverjum fjórðungi fyrir sig.⁶

7. gr.

Tilkynningarskylda og gagnaskil.

Fjármálafyrirtæki sem ekki uppfyllir samanlagða kröfu um eiginfjáruka og hefur í hyggju að greiða út af hagnaði eða framkvæma aðgerðir skv. 2. mgr. 3. gr. þessara reglna, skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu um það.

Í tilkynningu skulu koma fram eftirfarandi upplýsingar:

1. Fjárhæð eiginfjárgrunns fjármálafyrirtækis sundurliðuð með eftirfarandi hætti:
 - a. Eigið fé eiginfjárpáttar A,
 - b. blendingsbréf sem gefin eru út á grundvelli 1. gr. reglna um viðbótareiginfjárliði fjármálafyrirtækja og
 - c. eigið fé eiginfjárpáttar B.
2. Fjárhæð hagnaðar samkvæmt árshlutauppgjöri og fjárhæð hagnaðar samkvæmt ársuppgjöri.
3. Hámarksútgreiðslufjárhæð reiknuð samkvæmt 4. gr. þessara reglna.
4. Fjárhæð sem fjármálafyrirtæki hyggst greiða út, sundurliðuð með eftirfarandi hætti:
 - a. Arðgreiðslur,
 - b. kaup á eigin bréfum,
 - c. greiðslur af blendingsbréfum, sbr. 1. gr. reglna um viðbótareiginfjárliði fjármálafyrirtækja og
 - d. ákvörðun um greiðslu á kaupaukum, hvort sem um er að ræða nýja skuldbindingu, eða greiðslu sem fjármálafyrirtæki skuldbatt sig til að inna af hendi á þeim tíma sem það uppfyllti ekki samanlagða kröfu um eiginfjáruka.

Fjármálafyrirtæki skal hafa til staðar fullnægjandi og skjalfesta innri ferla, sbr. 17. gr. laga um fjármálafyrirtæki til að tryggja að fjárhæð, skv. 4. tölul. 2. mgr. þessarar greinar, og hámarksútgreiðslufjárhæð séu reiknaðar nákvæmlega. Fjármálafyrirtæki skal geta sýnt fram á verklag við útreikninga á hámarksútgreiðslufjárhæð.⁷

Fjármálafyrirtæki skal senda Fjármálaeftirlitinu gögn varðandi útreikninga á hámarksútgreiðslufjárhæð og takmörkunum á útgreiðslum fjármálafyrirtækja á því formi sem það ákveður. Skýrslur skal senda eigi sjaldnar en ársfjórðungslega í samræmi við yfirlit yfir gagnaskil fjármálafyrirtækja.

⁶ Sbr. 6. mgr. 141. gr. tilskipunar 2013/36/ESB.

⁷ Sbr. 8. og 9. mgr. 141. gr. tilskipunar 2013/36/ESB.

8. gr.

Áætlun um verndun eigin fjár.

Viðhaldi fjármálafyrirtæki ekki nægjanlegu eigin fé, til samræmis við samanlagða kröfu um eiginfjárouka, skal stjórn fjármálafyrirtækis útbúa og afhenda Fjármálaeftirlitinu áætlun um verndun eigin fjár.

Áætlun um verndun eigin fjár skal m.a. innihalda:

- a. Áætlun um tekjur og gjöld fyrirtækisins og spá um þróun efnahagsreiknings þess.
- b. Upplýsingar um til hvaða úrræða fyrirtækið hyggst grípa til þess að hækka eiginfjárlutfall sitt.
- c. Tímasetta áætlun um það hvernig fyrirtækið ráðgerir að hækka eiginfjárlutfall sitt þannig að það uppfylli á ný samanlagða kröfu um eiginfjárouka.
- d. Aðrar upplýsingar sem Fjármálaeftirlitið telur nauðsynlegar til þess að leggja mat á áætlunina.

Áætlun um verndun eigin fjár skal afhent Fjármálaeftirlitinu innan fimm virkra daga frá því að ljóst er að eigið fé fór niður fyrir samanlagða kröfu um eiginfjárouka. Fjármálaeftirlitið getur veitt viðbótarfrest til að afhenda áætlunina í sérstökum tilvikum.⁸

9. gr.

Innleiðing og gildistaka.

Með reglum þessum eru tekin upp ákvæði um hámarksútgreiðslufjárhæð og takmarkanir á útgreiðslum fjármálafyrirtækja vegna eiginfjárouka samkvæmt 4. kafla tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB, um stofnun og rekstur lánastofnana og eftirlit með lánastofnunum og fjárfestingarfyrirtækjum.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 7. mgr. 84. gr. a laga um fjármálafyrirtæki, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

⁸ Sbr. 142. gr. tilskipunar 2013/36/ESB, sjá einnig 84. gr. f laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.